

Nd.

510. Breytingartillögur

við frv. til laga um erfðaábyð og óðalsrétt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 19. gr. 1. málsg. orðist svo:

Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli. Þess skal þó gætt, að land hins upphaflega ættaróðals verði aldrei minna virði en land jarðarinnar var þegar ættaróðalið var stofnað.

2. Við 24. gr. 6. lið. Aftan við liðinn bætist:

Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja eða lögráðamanni) hvila sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda meðan hann fer með það.

3. Við 24. gr. 10. lið. Aftan við liðinn komi:

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af þeim, er rétt bafa til óðalsins, treystist að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.